

16. Æskulýðsnefnd.

Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Nefndin skal fjalla um og gera tillögur til hreppsnefndar um æskulýðs- og íþróttamál í hreppnum.

2. gr.

Samþykkt þessi er gerð af hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps og staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. september 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Ellý Guðmundsdóttir.

3. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 478

um staðfestingu deiliskipulags á Kirkjusandi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1990 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi á Kirkjusandi á svæði sem markast af Kringlumýrarbraut, Sætúni, Laugarnesvegi og Borgartúni.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. desember 1990

AUGLÝSING

Nr. 479

um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. nóvember 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Akureyrar sem staðfestur var af ráðuneytinu 17. desember 1975.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1990.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.